

Nd.

239. Nefndarálit

[20. mál]

um frv. til l. um. breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Samkomulag tókst ekki í nefndinni um afgreiðslu þessa máls. Það kom í ljós, að meiri hluti nefndarinnar var meðmæltur meginstofni frumvarpsins, en ég, sem einn skipa minni hlutann, er frumvarpinu andvígur og legg til, að það nái ekki fram að ganga.

Eins og ég gerði grein fyrir við fyrstu umræðu þessa máls, get ég engan veginn á það fallið, að lækkaðar verði sektir fyrir brot á lögunum um bann gegn botnvörpuveiðum eins og gert er í þessu frumvarpi. Þá get ég heldur ekki veitt því sjónarmiði brautargengi, að það sé gert að meginatriði fyrir sektarhæðinni, að gerður sé mismunur á stærð skipsins, sem brotið er framið á, en samkvæmt frumvarpinu á að lækka að mjög miklum mun sektir fyrir ólöglegar landhelgisveiðar, ef brotið er framið á skipi, sem ekki er yfir 115 rúmlestir að stærð. Frá mínum bæjardryrum séð hefur það sjónarmið miklu ríkari rétt á sér, að tekið sé tillit til þess tjóns, sem af verknaðinum leiðir, en þetta hefur verið hyrningarsteinn þessarar löggjafar nú um þrjátíu ára skeið. Með frumvarpi þessu er mjög brotið í bág við þessa stefnu. Það er alkunnugt, að landhelgisbrot, sem framin eru á skipum af þeirri stærð, er hin mikla lækkun í sektarákvæðum tekur til, valda sízt minna tjóni en brot, sem framin eru á stærri skipum. Það er á vitund allra þeirra, sem nokkuð þekkja til um þessar veiðar, að yfirleitt er það svo, að þeim, sem botnvörpuveiðar stunda á minni skipum, hættir til að vera nærgöngull en stærri skipin á þeim stöðvum innan landhelginnar, sem eru aðal klak- og uppeldisstöðvar nytjafiskanna. En fiskifæðin stafar af því fyrst og fremst, hversu drápið og tortímingin á uppæðingnum er skefjalaus á þessum svæðum. Það þarf að sjálfsgöðu að hafa sín takmörk, hversu nærri má ganga nytjafiskinum, en fram hjá því verður ekki komið, að aðalhættan, sem að Íslendingum steðjar í þessu efni, er fólgin í drápi ungfisksins, sem stafar af ónógri friðun uppvaxtarstöðva við strendur landsins.

Þá er og þess að gæta, að Íslendingar eru ekki einir um að stunda botnvörpu- og dragnótaveiðar á hinum minni skipum á miðunum hér. Á hverju ári sækir hingað ótölulegur grúi slíkra erlendra skipa frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Færeyjum og ef til vill víðar að. Síðari hluta vetrarvertíðar kveður t. d. stundum svo mikið að mergð þessara skipa á miðunum við Vestmannaeyjar, að Vestmannaeyingar sjálfir verða að flýja af sínum fiskisælustu miðum, af því að þeir koma ekki veiðarfærunum í sjóinn fyrir þrengslum. Þessi floti, sem dreifður er víðs vegar með ströndum landsins, er vitanlega allágengur við landhelgina, þrátt fyrir hinar háu sektir, og varla mundi það draga úr yfirtroðsluhneigðinni, er þeim bærst fréttin um það, að nú kostaði það miklum mun minna en áður að fiska í landhelgi við Ísland.

Því er mjög á lofti haldið, og má til sanns vegar færa, að sektirnar eru háar. En þau rök liggja til þess, að mikið verk er því fólgið, að verja landhelgina, svo að viðhlítandi sé. Þess höfum vér ekki verið megnugir. Sektaruppæðin er því ákveðin með hliðsjón af því, að hún ein út af fyrir sig skapi verulegt aðhald. Það er og viðurkennt af erlendum þjóðum, að þetta sjónarmið sé ekki óeðlilegt, miðað við aðstæður hér. Loks vil ég benda á, að þessi lækkun á sektunum skýtur nokkuð skökku við það t. d., að 1948 voru sektir fyrir brot á fiskveiðalöggjöfinni hækkaðar verulega, fimm- til tífaldaðar, og er þar þá um að ræða gullkrónur eins og hér.

Alþingi, 28. nóv. 1950.

Pétur Ottesen,
form.